

Sjúkraliðafélag Íslands
Grensásvegi 16. 3. hæð.
108 Reykjavík

22. apríl 2005

Varðar: veikindaréttartalningu G sjúkraliða.

Með bréfi, dags. 2. mars sl. var réttindanefnd BSRB beðin um að gefa álit sitt á veikindarétti G sjúkraliða hjá HSA.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að G varð fyrir slysi sumarið 2004. Samkvæmt skrá yfir talningu veikindadaga (fylgiskjal 1) er hún í 100% veikindum 1. júlí 2003 til 1. Febrúar 2004. Vinnur hún 50% starf og skráð veik í 40 % hluta frá 2. febrúar til 26. mars 2004. Þá er hún skráð í 60% vinnu og 30% veikindi frá 27. mars 2004. G er síðan í orlofi 26. febrúar til 11. mars 2004 og helgidagafríi 16. -19. mars 2004. Að öðru leyti vísast í veikindaskráninguhennar.

Sjúkraliðafélag Íslands gaf G álit sitt á veikindarétti hennar með bréfi dags. 26. nóvember 2004. Þar telur SLFÍ að með því að veita G heimild til að fara í vetrarleyfi í mars 2004 hafi veikindaréttur hennar vaknað að fullu. Kemur fram að SLFÍ leggi orlof að jöfnu við vinnu sem verði að líta framhjá við talningu fjarveru vegna veikinda og að þannig myndist rof í fjarvistatalningu vegna veikinda sem endurveki veikindarétt hennar að nýju. G óskaði leiðréttingar á veikindarétti sínum við HSA en í svarbréfi HSA dags. 16. febrúar 2005 er því hafnað að G eigi inn lengri veikindarétt en henni var greiddur á tímabilinu júlí 2003 til júlí 2004 með þeim rökum að orlofs- og frítakan í febrúar og mars 2004 hafi ekki rofið samfelldu veikindin.

Réttindanefnd fjallaði um málið á fundi sínum þann 7. apríl sl. Samkvæmt 6. gr. orlofslaga þá getur starfsmaður ekki farið í orlof sé hann veikur. Það er skilyrði að starfsmenn sem eru veikir að fullu eða hluta fari ekki í orlof nema vottað sé að það sé orðið frískt. Í tilviki G var heimilað að hún færi í orlof þrátt fyrir að henni var ekki sagt að leggja fram vottorð um heilsu til að njóta orlofs. Er það því mat réttindanefndar að hún hafi verið í fullu orlofi. Síðan hafi hún átt að sýna fram á að hún hafi ekki verið orðin heil heilsu þegar hún kom til baka til starfa og að hún gæti ekki unnið fullt starf, sbr. vinnuskýrsla. Hefði stofnunin þá í framhaldi þurft að meta það.

Á heimasíðu fjármálaráðuneytisins í lið sem heitir spurt og svarað segir:

„Spurt er um starfsmann sem verið hefur veikur um nokkurt skeið. Hann er með læknisvottorð þar sem fram kemur að hann má aðeins vinna ½ daginn. Getur starfsmaðurinn tekið orlof í hinum hlutanum?“

Í kjarasamningum er heimildarákvæði (t.d. grein 12.2.10 í kjarasamningi SFR), sem heimilar að starfsmaður, með leyfi forstöðumanns, vinni skert starf vegna slyss eða veikinda. Þetta er heimildarákvæði og upphaflega var heimildin til þess hugsuð að starfsmaður sem verið hefur frá í lengri tíma vegna veikinda eða slyss, fengi aðlögunartíma þegar hann kæmi aftur til starfa og gæti í áföngum tekið upp fullt starf að nýju, t.d. með því að vinna hálfu starf fyrstu vikurnar. Það er útilokað að starfsmaðurinn geti talist að hálfu veikur og að hálfu frískur í orlofi. Þar af leiðandi getur starfsmaður aldrei farið í orlof meðan á veikindum stendur.“

Er framangreint svar í samræmi við álit réttindanefndar og túlkun BSRB á töku orlofs árum saman. Er það því mat nefndarinnar að það hafi myndast rof í talningu á veikindarétti G sem hafi endurvakið veikindarétt hennar þar sem henni var heimilað að fara í orlof án þess að krefjast tilskilins vottorðs.

f.h. Réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.